

AUGLÝSING

um tillögu að deiliskipulagi „Vellir 1. áfangi íbúðarhverfis“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2002 tillögu að deiliskipulagi „Vellir 1. áfangi íbúðarhverfis“

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 29. apríl 2002.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Lilja Grétarsdóttir arkitekt.

SAMPYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skagafjarðar er skipuð níu sveitarstjórnarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. einnig 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins, vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin með lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúana sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

4. gr.

Önnur verkefni.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og